

## Öldungar á slóðum Semmelweiss og Freuds

Í byrjun október lagði ferðaglaður hópur læknaöldunga ásamt mökum, samtals 36 manns, upp í 8 daga ferð á slóðir Semmelweiss og Freuds í Búdapest og Vínarborg.

Hótelid í Búdapest var í miðbænum þar sem rútur eru bannaðar svo að fólk þurfti að ganga smá vegalengd um nóttina með töskurnar. Daginn eftir var gengið á Semmelweiss-safnið yfir Elísabetarbrúna og dáðst að afrekum þessa óhamingju-sama manns.

Sama dag var farið í ökuferð um borgina með leiðsögumanni sem gaf okkur líka innsýn í ungverska sögu og þjóðarsál. Ungverjar hafa sterka þjóðerniskennd sem er nátengd þessu sérkennilega tungumáli sem Magyarar höfðu með sér austan úr Asíu um svipað leyti og norrænir menn námu Ísland. En þeir höfðu fleira með sér rétt eins og landnemar okkar. Það fengum við að sjá í ferð á ungversku sléttunum þar sem voru mórauð loðin svín og hvasshyrindir nautgripir. Aðalskemmtiatriði dagsins var hestasýning þar sem knapar riðu berbakt með björglas í hendi.

Kvöldsigling á Dóná gaf fallega sýn á upplýstar glæsibyggingar frá 19. öld á báðum bökkum. Undir borðhaldi var boðið upp á söng og dans. Dagsferð í norðvestur gaf enn aðra sýn. Szentendre er lítil bær þar sem um aldir hefur ríkt trúarlegt umburðarlyndi og þar hafa listamenn unað sér. Í Visegrad vorum við flutt aftur á endurreisnartímamann með villibráðarmáltíð úr konunglegum veiðilendum. Til Vínar var haldið í rútu og þar kvöddum við ágætan ungverskan rútuþjóra.

Graben Hotel dregur nafn af staðsetningunni þar sem áður var siki kringum borgarmúrana og þar með í jaðri elsta miðbæjarins. Þar hittum við leiðsögumenn okkar sem reyndust vera mæðgur, og byrjuðum á stuttri gönguferð um Hofburg með öllum sínum höllum, söfnum, reiðhöll og allri dýrðinni úr ríki Habsborgaranna. Í Vín var hópnum gefinn lausari taumur á kunnuglegri slóðum. Skoðunarferð í rútu sýndi okkur meira af glæsilegri Vín frá fyrri tíð en svo voru það byggingar þess makalaus Hundertwasser, sem trúði því að beinar línur, rétt

Helga M. Ögmundsdóttir  
ritari öldungadeildar

Óttar Guðmundsson  
formaður öldungadeildar

horn og slétt gólf ættu alls ekki að vera í mannabústöðum.

Síðasta daginn var stíf dagskrá sem hófst með heimsókn í Schönbrunn-höllina, þar sem María Theresía eignaðist sín 16 börn, ríkti yfir keisaradæminu og stýrði 7 ára stríðinu. Skrifstofur Freuds í Berggasse voru skoðaðar. Geðlæknar í hópnum dáðust að því að kallinn talaði að jafnaði við 11 sjúklinga á dag og skrifaði eftir það ótal bækur og ógrynni bréfa. Síðasta kvöldið nutum við hátíðarkvöldverðar og svo tónleika í eka klassískum Vínaranda.

Ekki var annað að heyra í lok ferðar en allir hefðu notið vel og nýtt sinn frjálsa tíma hver eftir sínum smekk – eitthvað var verslað og nokkrir óperunórdar voru fjarskalega sælir og glaðir.



Öldungar á slóðum Maríu Theresíu í Schönbrunnhöllinni í Vínarborg. Mynd / Jóhanna V. Þórhallsdóttir.



**Stjórn Öldungadeildar**  
Óttar Guðmundsson formaður  
Helga M. Ögmundsdóttir ritari  
Sigurður Guðmundsson gjaldkeri  
Friðrik Yngvarsson  
Gísli Einarsson

**Öldungaráð**  
Guðmundur Viggósson  
Jóhannes M. Gunnarsson  
Kristófer Þorleifsson  
Margrét Georgsdóttir  
Reynir Þorsteinsson

**Ritstjóri vefsíðu og síðu  
Öldungadeildar í Lækna blaðinu:**  
Helga M. Ögmundsdóttir  
Magnús Jóhannsson